

Lánasjóður sveitarfélaga - Útboð LSS150224 & LSS150434

Lánasjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að efna til útboðs á skuldabréfum í flokki LSS150224 og LSS150434 þriðjudaginn 22. maí. Lánasjóðurinn stefnir að því að taka tilboðum að fjárhæð 500 milljónir króna að nafnvirði. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka og lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Samkvæmt aðalmiðlarasamningi lánasjóðsins við Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann og MP Banka, hafa aðalmiðlarar einir rétt á tilboðsgerð.

Óskað er eftir tilboðum í samræmi við eftirfarandi lýsingu:

LSS150224

Lánstími:	Til 15. febrúar 2024.
Endurgreiðslur:	Verðtryggðar jafnar hálfssárslegar greiðslur.
Nafnvextir:	Fastir vextir 3,75%.
Grunnvísitala:	Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 1. október 2008, gildi hennar er 312,8.
Einingar:	1 kr. rafbréf.

LSS150434

Lánstími:	Til 15. apríl 2034.
Endurgreiðslur:	Verðtryggðar jafnar hálfssárslegar greiðslur.
Nafnvextir:	Fastir vextir 3,75%.
Grunnvísitala:	Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 1. mars 2012, gildi hennar er 387,1.
Einingar:	1 kr. rafbréf.

Útboðsfjárhæð:	500.000.000 (fimmhundruð milljónir króna).
Lágmarkstilboð:	10.000.000 (tíu milljónir króna).
Þóknun:	Lánasjóðurinn greiðir 0,15% þóknun.
Tilboð:	Í tilboði skal taka fram ávöxtunarkröfu án þóknunar og tilboðsfjárhæð.
Fyrirkomulag:	"Hollensk" uppboðsaðferð þar sem allir tilboðsgjafar fá sömu ávöxtunarkröfu og hæst er tekið. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka eða lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði með sama hætti og tilboðum er skilað inn, sé það gert fyrir lok útboðsfrests.
Uppgjör sölu:	Föstudaginn 25. maí 2012.

Tilboð skulu berast fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 22. maí 2012 til Lánasjóðs sveitarfélaga, b.t. Egils Skúla Þórólfssonar/ Óttars Guðjónssonar, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi.

Einnig má senda tilboð í tölvupósti til egill@lanasjodur.is / ottar@lanasjodur.is.

Öllum tilboðum verður svarað fyrir kl. 9:30 miðvikudaginn 23. maí 2012.